

AUGLÝSING

um Evrópusamning um landslag.

Hinn 11. desember 2019 var aðalfrankvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um landslag, sem gerður var í Flórens 20. október 2000. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. apríl 2020.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR UM LANDSLAG

Formálsorð

Aðildarríki Evrópuráðsins er undirrita samning þennan,

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum sem eru sameiginleg arfleifð þeirra og að stefnt er að þessu markmiði, einkum með samningum á sviði efnahags- og félagsmála,

eru áfram um að stuðla að sjálfbærri þróun sem byggir á jafnvægi á milli félagslegra þarfa, efnahags og umhverfis,

gera sér ljóst að landslag gegnir þýðingarmiklu hlutverki við í almannabágu á sviði menningarminja, vistfræði, umhverfis og samfélags og að landslag er auðlind sem gagnast efnahag og getur stuðlað að atvinnusköpun með vernd, stjórnun og skipulagi,

gera sér grein fyrir því að landslag á þátt í mótun menningarsvæða og er grunnþáttur evrópskrar náttúru- og menningararfleifðar og stuðlar að velferð manna og styrkir evrópska samkennd,

viðurkenna að landslag er alls staðar ríkur þáttur í lífsgæðum almennings, jafnt þéttbýli sem dreifbýli, jafnt á röskuðum svæðum sem svæðum sem búa yfir miklum gæðum, á svæðum sem eru einstök vegna náttúruferðar og svæðum í nærumhverfinu,

gera sér ljóst að þróun í landbúnaði og skógrækt, tækniþróun í iðnaði og jarðefnavinnslu, ásamt þróun í svæðisskipulagi, skipulagi borga og bæja, samgöngum, uppbyggingu innviða, ferðaþjónustu og útivist og, meira almennt séð, breytingar á efnahagslífi um heim allan valda í mörgum tilfellum örari breytingum á landslagi en áður,

vilja bregðast við ósk almennings um að njóta landslags sem býr yfir miklum gæðum og taka virkan þátt í mótun landslag,

álíta að landslag gegni lykilhlutverki í velferð einstaklinga og samfélags og að vernd þess, umsjón og skipulag feli í sér rétt og ábyrgð sem allir eiga að axla,

taka tillit til alþjóðlegra ákvæða sem fjalla um vernd og umsjón náttúru- og menningararfleifðar, skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sjálfstjórnarmál sveitarfélaga og samvinnu yfir landamæri, einkum samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu (Bern, 19. september 1979), samningnum um friðun evrópskrar byggingararfleifðar (Granada, 3. október 1985), Evrópu-samningnum um vernd fornleifaarfsins (endurskoðaður) (Valletta, 16. janúar 1992), rammamningnum um samstarf byggðarlaga og svæðisbundinna yfirvalda yfir landamæri (Madrid, 21. maí 1980), ásamt viðbótarbókunum, Evrópusáttmálanum um sjálfstjórn sveitarfélaga (Strassborg, 15. október 1985), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río, 5. júní 1992), samningnum um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (París, 16. nóvember 1972) og samningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Árósar, 25. júní 1998),

viðurkenna að gæði og fjölbreytni landslags í Evrópu sé sameiginleg auðlind og að brýnt sé að vinna saman að vernd þess, umsjón og skipulagi,

vilja leggja fram nýjar aðferðir sem sérstaklega miða að vernd, stjórnun og skipulagi landslags í Evrópu,

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. „landslag“ merkir svæði sem ber það með sér í skynjun fólks að hafa yfirbragð mótað af framkvæmd og ferlum náttúrulegra og/eða mannlegra þátta,
- b. „landslagsstefna“ merkir framsetningu lögbærra opinberra yfirvalda á meginreglum, áætlunum og viðmiðunarreglum sem heimila að gripið sé til tiltekinna ráðstafana sem miða að vernd, umsjón og skipulagi landslags,
- c. „gæðamarkmið fyrir landslag“ merkir, þegar vísað er til tiltekins landslags og lýsingu lögbærra opinberra yfirvalda á óskum almennings með tilliti til landslagssérkenna,
- d. „landslagsvernd“ merkir aðgerðir til að vernda og viðhalda þýðingarmiklum eða einstökum sérkennum í landslagi og sem réttlæta má með skírskotun til gildis þess sem arfleifðar, með vísun til mótunar þess í náttúrunni og/eða til mannanna verka,
- e. „landslagsumsýsla“ merkir aðgerð, frá sjónarhorni sjálfbærrar þróunar, sem er ætlað að tryggja reglubundið viðhald landslags, í því skyni að stýra og samræma breytingar sem til eru komnar af völdum félags-, efnahags- og umhverfislegra þróunarferla,
- f. „landslagsskipulag“ merkir öfluga, framsækna aðgerð til þess að bæta, endurheimta og móta landslag.

2. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi gildir, sbr. þó ákvæði 15. gr., um allt yfirráðasvæði samningsaðilanna og nær til ósnortinna svæða, dreifbýlis, þéttbýlis og jaðarsvæði þéttbýlis. Samningurinn tekur til lands, straumstöðuvatna og hafsvæða. Hann fjallar um landslag sem kann að teljast einstakt, en einnig landslag í nærumhverfi eða raskað landslag.

3. gr.

Markmið.

Markmiðin með samningi þessum eru að efla landslagsvernd, umsýslu og skipulag landslags og að skipuleggja evrópska samvinnu um málefni er varða landslag.

II. KAFLI

Ráðstafanir aðildarríkis.

4. gr.

Skipting ábyrgðar.

Sérhver samningsaðili skal framkvæma samning þennan, einkum 5. og 6. gr., samkvæmt eigin skiptingu valdheimilda, í samræmi við eigin stjórnskipunarreglur og stjórnvaldsráðstafanir, og að teknu tilliti til dreiffræðisreglunnar og Evrópusáttmálans um sjálfstjórn sveitarfélaga. Sérhver samningsaðili skal, án þess að víkja frá ákvæðum samnings þessa, samhæfa framkvæmd samnings þessa og eigin stefnumið.

5. gr.

Almennar ráðstafanir.

Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til:

- a. að viðurkenna landslag í lögum sem grundvallar þátt í umhverfi fólks, sem merki um fjölbreytileika sameiginlegrar menningar- og náttúruarfleifðar og sem grunn að samkennd um hana
- b. að innleiða og hrinda í framkvæmd stefnumörkun um landslag sem miðar að vernd, umsjón og skipulagi landslags með því að samþykkja þær ráðstafanir er um getur í 6. gr.,

- c. að innleiða starfshætti vegna þátttöku almennings, sveitar- og svæðisstjórna og annarra aðila sem láta sig varða skilgreiningu og framkvæmd þeirra stefnumörkunar um landslag er um getur í b-lið hér að framan,
- d. að fella landslagsmál inn í stefnumörkun skipulagsáætlana og inn í stefnumið á sviði menningar-, umhverfis-, landbúnaðar-, félags- og efnahagsmála og aðrar stefnur sem hafa hugsanleg bein eða óbein áhrif á landslag.

6. gr.

Sérstakar ráðstafanir.

- A. Vitundarvakning.
Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að vekja almenning, einkaaðila og opinber yfirvöld til vitundar um gildi landslags, hlutverk þess og breytingar á því.
- B. Þjálfun og fræðsla.
Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að stuðla að:
 - a. þjálfun sérfræðinga í mati á landslagi og aðgerðum,
 - b. þverfaglegum námskeiðum í stefnumörkun um landslag og vernd, umsjón og skipulagi landslags, fyrir fagfólk í einkageiranum og hjá hinu opinbera og fyrir samtök sem láta sig þessi mál varða,
 - c. skóla- og háskólanámsskeiðum sem taka til umfjöllunar, í viðeigandi námsgreinum, þau gildi sem tengjast landslagsmálum og málum sem upp koma vegna verndar, umsjónar og skipulags landslags.
- C. Auðkenning og mat.
 - 1. Með virkri þátttöku hagsmunaaðila eins og mælt er fyrir um í c-lið 5. gr., og í því skyni að auka þekkingu á landslagi á viðkomandi yfirráðasvæði, skuldbindur sérhver samningsaðili sig til að:
 - a) i. flokka landslag á yfirráðasvæði sínu,
 - ii. greina einkenni þess og þá krafta og þrýsting sem umbreyta því,
 - iii. vakta breytingar
 - b) meta það landslag sem flokkað hefur verið, að teknu tilliti til sérstakra gilda sem hagsmunaaðilar og almenningur hefur gefið því.
 - 2. Gagnkvæm miðlun reynslu og aðferða, sem samningsaðilarnir skipuleggja sín á milli á Evrópuvettvangi skv. 8. gr., skal vera grunnur þeirra aðferða sem er beitt við flokkun og mat.
- D. Gæðamarkmið við landslag.
Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að skilgreina gæðamarkmið fyrir það landslag sem er auðkennt og metið, að höfðu samráði við almenning í samræmi við c-lið 5. gr.
- E. Framkvæmd.
Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að, í því skyni að hrinda í framkvæmd landslagsstefnumálum, innleiða lagagæringa sem miða að vernd, umsjón og/eða skipulagi landslagsins.

III. KAFLI

Evrópsk samvinna.

7. gr.

Alþjóðlegar stefnur og áætlanir.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna saman að eflingu landslagsgilda í stefnumótun og áætlunum á alþjóðavettvangi og til að leggja það til að landslagsgildi verði felld inn í slíka í slíkar stefnumótun og áætlanir þar sem við á.

8. gr.

Gagnkvæm aðstoð og skipti á upplýsingum.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna saman með það að markmiði að efla skilvirkni ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt öðrum greinum samnings þessa, einkum:

- a. að veita hver öðrum tækni- og vísindaaðstoð í landslagsmálum með samstarfi og miðla reynslu og niðurstöðum rannsóknarverkefna,

- b. að stuðla að skiptum á sérfræðingum á sviði landslagsmála, einkum til að stuðla að þjálfun og miðlun upplýsinga,
- c. að skiptast á upplýsingum um öll málefni sem falla undir ákvæði samnings þessa.

9. gr.

Landslag yfir landamæri.

Samningsaðilarnir skulu hvetja til samvinnu þvert á mörk sveitarfélaga og svæða og, þar sem nauðsyn krefur, undirbúa og koma í framkvæmd sameiginlegum landslagsstefnum.

10. gr.

Vöktun á framkvæmd samningsins.

1. Ráðherranefnd Evrópuráðsins skipar starfandi, lögbærar sérfræðinganeindir, sem skipaðar eru skv. 17. gr. stofnsamþykktar Evrópuráðsins, sem bera ábyrgð á eftirliti með og framkvæmd samningsins.
2. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins sendir ráðherranefndinni skýrslu um verkefni sem eru unnin og rekstur samningsins, eftir hvern fund í sérfræðinganeindinni.
3. Sérfræðinganeindin leggur fyrir ráðherranefndina viðmið og reglur sem skulu gilda um veitingu landslagsverðlauna Evrópuráðsins.

11. gr.

Landslagsverðlaun Evrópuráðsins.

1. Landslagsverðlaun Evrópuráðsins eru viðurkenning sem veita má sveitar- og svæðisstjórnnum og hópum á þeirra vegum, sem hafa innleitt stefnu eða ráðstafanir, sem lið í landslagsstefnu samningsaðila, í því skyni að vernda, hafa umsjón með og/eða skipuleggja landslag , þ.e. stefnu eða ráðstafanir sem hafa haft varanleg áhrif og geta þannig verið öðrum svæðisyfirvöldum í Evrópu fyrirmynd. Einnig er heimilt að veita viðurkenningu fjálsam félagsamtökum fyrir sérlega eftirtektarvert framlag til verndar, umsjónar eða skipulags landslags.
2. Samningsaðilarnir skulu senda þeim sérfræðinganeindum er um getur í 10. gr. umsóknir um landslagsverðlaun Evrópuráðsins. Sveitar- og svæðisstjórnir yfir landamæri og hópar á vegum viðkomandi sveitar- og svæðisstjórna geta sótt um, að því tilskildu að þau fari sameiginlega með umsýslu þess landslags sem um ræðir.
3. Ráðherranefndin skal, að fram kominni tillögu sérfræðinganeindanna er um getur í 10. gr., skilgreina og birta þau viðmið sem gilda um veitingu landslagsverðlauna Evrópuráðsins, samþykka viðeigandi reglur og veita verðlaunin.
4. Landslagsverðlaun Evrópuráðsins eru veitt í því skyni að hvetja þá sem þau hljóta til að tryggja að viðkomandi landslagssvæði séu vernduð, þeim stjórnað og/eða að þau séu skipulögð með sjálfbærum hætti.

IV. KAFLI

Lokaákvæði.

12. gr.

Tengsl við aðra gerninga.

Ákvæði samnings þessa hafa ekki áhrif á strangari ákvæði um vernd, umsjón og skipulag landslags í öðrum nágildandi, innlendum eða alþjóðlegum gerningum eða slíkum gerningum sem verða bindandi í framtíðinni.

13. gr.

Undirritun, fullgilding og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins. Hann er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgilding, staðfestingu eða samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

2. Samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar tíu aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykkt því að vera skuldbundin af samningnum samkvæmt ákvæðum undanfarandi málsgreinar.
3. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju undirritunarríki, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar skjal þess um fullgildinguna, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

14. gr.

Aðild.

1. Ráðherranefnd Evrópuráðsins er heimilt, eftir að samningur þessi öðlast gildi, að bjóða Evrópubandalaginu og sérhverju Evrópuríki, sem er ekki aðili að Evrópuráðinu, aðild að samningnum með meirihlutaákvörðun, eins og kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnsamþykktar Evrópuráðsins og með samhljóða samþykki þeirra samningsríkja sem eiga rétt á setu í ráðherranefndinni.
2. Samningur þessi öðlast gildi, að því er varðar aðild einstakra ríkja eða Evrópubandalagið, ef það gerist aðili, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar skjalið um fullgildinguna, staðfestingu eða samþykki er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

15. gr.

Landsvæði þar sem samningurinn gildir.

1. Hverju ríki eða Evrópubandalaginu er heimilt, við undirritun eða afhendingu skjals um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild, að tilgreina það eða þau landsvæði þar sem samningurinn skal gilda.
2. Sérhverjum samningsaðila er heimilt, hvenær sem er síðar og með því að senda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins yfirlýsingu, að útvíkka gildissvið samnings þessa til allra annarra landsvæða sem eru tilgreind í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi á þeim landsvæðum á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjóri Evrópuráðsins veitir yfirlýsingunni viðtöku.
3. Heimilt er að afturkalla hverja yfirlýsingu, sem er gerð samkvæmt ofangreindum tveimur málsgreinum, og varðar sérhvert það landsvæði sem er tilgreint í slíkri yfirlýsingu, með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Fyrirnefnd afturköllun tekur gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjóri Evrópuráðsins veitir yfirlýsingunni viðtöku.

16. gr.

Úrsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er sagt sig frá samningi þessum með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Úrsögnin tekur gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjóri Evrópuráðsins veitir yfirlýsingunni viðtöku.

17. gr.

Breytingar.

1. Hverjum samningsaðila eða sérfræðinganeftundunum, er um getur í 10. gr., er heimilt að leggja fram breytingartillögur við samning þennan.
2. Framkvæmdastjóra Evrópuráðsins skal tilkynnt um sérhverja breytingartillögu sem hann sendir tilkynningu um til aðildarríkja Evrópuráðsins, hinna samningsaðilanna og til allra Evrópuríkja sem ekki eru aðildarríki en hefur verið boðin aðild að samningi þessum í samræmi við ákvæði 14. gr.
3. Sérfræðinganeftirnir, er um getur í 10. gr., skulu kanna sérhverja breytingartillögu og leggja fyrir ráðherranefndina til samþykktar þann texta sem fulltrúar samningsaðilanna samþykkja með þremur fjórðu hlutum atkvæða. Eftir að ráðherranefndin hefur samþykkt textann með þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnsamþykktar Evrópuráðsins og eftir að hann

hefur hlotið samhljóða samþykki þeirra samningsríkja sem eiga rétt á setu í ráðherranefndinni, skal senda textann samningsaðilunum til staðfestingar.

4. Sérhver breyting öðlast gildi, gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa samþykkt hana, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa tilkynnt framkvæmdastjórnann um staðfestingu sína. Að því er varðar aðildarríki, sem samþykkir breytinguna síðar, skal slík breyting öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar fyrrnefnt aðildarríki tilkynnti framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um staðfestingu sína.

18. gr.

Tilkynningar.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, sérhverju ríki eða Evrópubandalaginu, sem hafa eða hefur gerst aðili að samningi þessum, um:

- a. sérhverja undirritun,
- b. afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild,
- c. sérhvern gildistöku dag samnings þessa skv. 13., 14. og 15. gr.,
- d. sérhverja yfirlýsingu sem er gefin skv. 15. gr.,
- e. sérhverja úrsögn skv. 16. gr.,
- f. sérhverja breytingartillögu, breytingu sem er samþykkt skv. 17. gr. og um dagsetningu gildistöku
- g. sérhvern annan gerning, tilkynningu, upplýsingar eða samskipti viðvíkjandi samningi þessum.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Flórens 20. október 2000 í einu eintaki á ensku og frönsku sem skal afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins sendir staðfest eintök til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins og til sérhvers ríkis eða Evrópubandalagsins sem er boðin aðild að samningi þessum.

EUROPEAN LANDSCAPE CONVENTION

Preamble

The member States of the Council of Europe signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage, and that this aim is pursued in particular through agreements in the economic and social fields;

Concerned to achieve sustainable development based on a balanced and harmonious relationship between social needs, economic activity and the environment;

Noting that the landscape has an important public interest role in the cultural, ecological, environmental and social fields, and constitutes a resource favourable to economic activity and whose protection, management and planning can contribute to job creation;

Aware that the landscape contributes to the formation of local cultures and that it is a basic component of the European natural and cultural heritage, contributing to human well-being and consolidation of the European identity;

Acknowledging that the landscape is an important part of the quality of life for people everywhere: in urban areas and in the countryside, in degraded areas as well as in areas of high quality, in areas recognised as being of outstanding beauty as well as everyday areas;

Noting that developments in agriculture, forestry, industrial and mineral production techniques and in regional planning, town planning, transport, infrastructure, tourism and recreation and, at a more general level, changes in the world economy are in many cases accelerating the transformation of landscapes;

Wishing to respond to the public's wish to enjoy high quality landscapes and to play an active part in the development of landscapes;

Believing that the landscape is a key element of individual and social well-being and that its protection, management and planning entail rights and responsibilities for everyone;

Having regard to the legal texts existing at international level in the field of protection and management of the natural and cultural heritage, regional and spatial planning, local self-government and transfrontier co-operation, in particular the Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats (Bern, 19 September 1979), the Convention for the Protection of the Architectural Heritage of Europe (Granada, 3 October 1985), the European Convention on the Protection of the Archaeological Heritage (revised) (Valletta, 16 January 1992), the European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities (Madrid, 21 May 1980) and its additional protocols, the European Charter of Local Self-government (Strasbourg, 15 October 1985), the Convention on Biological Diversity (Rio, 5 June 1992), the Convention concerning the Protection of the World Cultural and Natural Heritage (Paris, 16 November 1972), and the Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-making and Access to Justice on Environmental Matters (Aarhus, 25 June 1998);

Acknowledging that the quality and diversity of European landscapes constitute a common resource, and that it is important to co-operate towards its protection, management and planning;

Wishing to provide a new instrument devoted exclusively to the protection, management and planning of all landscapes in Europe,

Have agreed as follows:

CHAPTER I
General provisions.

Article 1
Definitions.

For the purposes of the Convention:

- a. "Landscape" means an area, as perceived by people, whose character is the result of the action and interaction of natural and/or human factors;
- b. "Landscape policy" means an expression by the competent public authorities of general principles, strategies and guidelines that permit the taking of specific measures aimed at the protection, management and planning of landscapes;
- c. "Landscape quality objective" means, for a specific landscape, the formulation by the competent public authorities of the aspirations of the public with regard to the landscape features of their surroundings;
- d. "Landscape protection" means actions to conserve and maintain the significant or characteristic features of a landscape, justified by its heritage value derived from its natural configuration and/or from human activity;
- e. "Landscape management" means action, from a perspective of sustainable development, to ensure the regular upkeep of a landscape, so as to guide and harmonise changes which are brought about by social, economic and environmental processes;
- f. "Landscape planning" means strong forward-looking action to enhance, restore or create landscapes.

Article 2
Scope.

Subject to the provisions contained in Article 15, this Convention applies to the entire territory of the Parties and covers natural, rural, urban and peri-urban areas. It includes land, inland water and marine areas. It concerns landscapes that might be considered outstanding as well as everyday or degraded landscapes.

Article 3
Aims.

The aims of this Convention are to promote landscape protection, management and planning, and to organise European co-operation on landscape issues.

CHAPTER II
National measures.

Article 4
Division of responsibilities.

Each Party shall implement this Convention, in particular Articles 5 and 6, according to its own division of powers, in conformity with its constitutional principles and administrative arrangements, and respecting the principle of subsidiarity, taking into account the European Charter of Local Self-government. Without derogating from the provisions of this Convention, each Party shall harmonise the implementation of this Convention with its own policies.

Article 5
General measures.

Each Party undertakes:

- a. to recognise landscapes in law as an essential component of people's surroundings, an expression of the diversity of their shared cultural and natural heritage, and a foundation of their identity;
- b. to establish and implement landscape policies aimed at landscape protection, management and planning through the adoption of the specific measures set out in Article 6;

- c. to establish procedures for the participation of the general public, local and regional authorities, and other parties with an interest in the definition and implementation of the landscape policies mentioned in paragraph b above;
- d. to integrate landscape into its regional and town planning policies and in its cultural, environmental, agricultural, social and economic policies, as well as in any other policies with possible direct or indirect impact on landscape.

Article 6

Specific measures.

- A. Awareness-raising.
Each Party undertakes to increase awareness among the civil society, private organisations, and public authorities of the value of landscapes, their role and changes to them.
- B. Training and education.
Each Party undertakes to promote:
 - a. training for specialists in landscape appraisal and operations,
 - b. multidisciplinary training programmes in landscape policy, protection, management and planning, for professionals in the private and public sectors and for associations concerned,
 - c. school and university courses which, in the relevant subject areas, address the values attaching to landscapes and the issues raised by their protection, management and planning.
- C. Identification and assessment.
 - 1. With the active participation of the interested parties, as stipulated in Article 5.c, and with a view to improving knowledge of its landscapes, each Party undertakes:
 - a) i. to identify its own landscapes throughout its territory,
 - ii. to analyse their characteristics and the forces and pressures transforming them,
 - iii. to take note of changes,
 - b) to assess the landscapes thus identified, taking into account the particular values assigned to them by the interested parties and the population concerned.
 - 2. These identification and assessment procedures shall be guided by the exchanges of experience and methodology, organised between the Parties at European level pursuant to Article 8.
- D. Landscape quality objectives.
Each Party undertakes to define landscape quality objectives for the landscapes identified and assessed, after public consultation in accordance with Article 5.c.
- E. Implementation.
To put landscape policies into effect, each Party undertakes to introduce instruments aimed at protecting, managing and/or planning the landscape.

CHAPTER III

European co-operation.

Article 7

International policies and programmes.

Parties undertake to co-operate in the consideration of the landscape dimension of international policies and programmes, and to recommend, where relevant, the inclusion in them of landscape considerations.

Article 8

Mutual assistance and exchange of information.

The Parties undertake to co-operate in order to enhance the effectiveness of measures taken under other articles of this Convention, and in particular:

- a. to render each other technical and scientific assistance in landscape matters through the pooling and exchange of experience, and the results of research projects;
- b. to promote the exchange of landscape specialists in particular for training and information purposes;
- c. to exchange information on all matters covered by the provisions of the Convention.

Article 9

Transfrontier landscapes.

Parties shall encourage transfrontier co-operation on local and regional level and, wherever necessary, prepare and implement joint landscape programmes.

Article 10

Monitoring of the implementation of the Convention.

1. Existing competent Committees of Experts set up under Article 17 of the Statute of the Council of Europe shall be designated by the Committee of Ministers of the Council of Europe to be responsible for monitoring the implementation of the Convention.
2. Following each meeting of the Committees of Experts, the Secretary General of the Council of Europe shall transmit a report on the work carried out and on the operation of the Convention to the Committee of Ministers.
3. The Committees of Experts shall propose to the Committee of Ministers the criteria for conferring and the rules governing the Landscape award of the Council of Europe.

Article 11

Landscape award of the Council of Europe.

1. The Landscape award of the Council of Europe is a distinction which may be conferred on local and regional authorities and their groupings that have instituted, as part of the landscape policy of a Party to this Convention, a policy or measures to protect, manage and/or plan their landscape, which have proved lastingly effective and can thus serve as an example to other territorial authorities in Europe. The distinction may be also conferred on non-governmental organisations having made particularly remarkable contributions to landscape protection, management or planning.
2. Applications for the Landscape award of the Council of Europe shall be submitted to the Committees of Experts mentioned in Article 10 by the Parties. Transfrontier local and regional authorities and groupings of local and regional authorities concerned, may apply provided that they jointly manage the landscape in question.
3. On proposals from the Committees of Experts mentioned in Article 10 the Committee of Ministers shall define and publish the criteria for conferring the Landscape award of the Council of Europe, adopt the relevant rules and confer the Award.
4. The granting of the Landscape award of the Council of Europe is to encourage those receiving the award to ensure the sustainable protection, management and/or planning of the landscape areas concerned.

CHAPTER IV

Final clauses.

Article 12

Relationship with other instruments.

The provisions of this Convention shall not prejudice stricter provisions concerning landscape protection, management and planning contained in other existing or future binding national or international instruments.

Article 13

Signature, ratification and entry into force.

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.
2. The Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date on which ten member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. In respect of any signatory State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 14

Accession.

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite the European Community and any European State which is not a member of the Council of Europe, to accede to the Convention by a majority decision as provided in Article 20.d of the Council of Europe Statute, and by the unanimous vote of the States parties entitled to hold seats in the Committee of Ministers.
2. In respect of any acceding State, or the European Community in the event of its accession, this Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 15

Territorial application.

1. Any State or the European Community may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which the Convention shall apply.
2. Any Party may, at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. The Convention shall take effect in respect of such territory on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date of receipt of the declaration by the Secretary General.
3. Any declaration made under the two paragraphs above may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 16

Denunciation.

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 17

Amendments.

1. Any Party or the Committees of Experts mentioned in Article 10 may propose amendments to this Convention.
2. Any proposal for amendment shall be notified to the Secretary General of the Council of Europe who shall communicate it to the member States of the Council of Europe, to the others Parties, and to any European non-member State which has been invited to accede to this Convention in accordance with the provisions of Article 14.
3. The Committees of Experts mentioned in Article 10 shall examine any amendment proposed and submit the text adopted by a majority of three-quarters of the Parties' representatives to the Committee of Ministers for adoption. Following its adoption by the Committee of Ministers by the majority provided for in Article 20.d of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the States parties entitled to hold seats in the Committee of Ministers, the text shall be forwarded to the Parties for acceptance.

4. Any amendment shall enter into force in respect of the Parties which have accepted it on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date on which three Council of Europe member States have informed the Secretary General of their acceptance. In respect of any Party which subsequently accepts it, such amendment shall enter into force on the first day of the month following the expiry of a period of three months after the date on which the said Party has informed the Secretary General of its acceptance.

Article 18

Notifications.

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, any State or the European Community having acceded to this Convention, of:

- a. any signature;
- b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
- c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 13, 14 and 15;
- d. any declaration made under Article 15;
- e. any denunciation made under Article 16;
- f. any proposal for amendment, any amendment adopted pursuant to Article 17 and the date on which it comes into force;
- g. any other act, notification, information or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Florence, this 20th day of October 2000, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe and to any State or to the European Community invited to accede to this Convention.